

Verklagsreglur barnaverndar hjá Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs

Maí 2017

Efnisyfirlit

Verklag vegna meðferðar trúnaðarupplýsinga hjá.....	2
Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs	2
Verklag við móttöku tilkynninga hjá félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs vegna barnaverndar.....	3
Verklag við könnun barnaverndartilkynninga hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.....	6
Verklag við könnun máls vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn barni.....	8
Verklag við könnun máls þegar grunur leikur á ofbeldi forráðamanns/heimilismanns gagnvart barni.....	10
Verklag við könnun máls þegar grunur leikur á ofbeldi gagnvart barni undir eins árs aldri.....	11
Verklag við gerð meðferðaráætlunar hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.....	12
Verklag þegar mál er lagt fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd.	14
Verklag við framkvæmd vistunar á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.....	16
Verklag við framkvæmd tímabundins fósturs hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.....	16
Verklag við framkvæmd varanlegs fósturs hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.....	18
Verklag við gerð umsókna vegna skólavistar nemenda sem vistaðir eru á vegum Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.....	20
Verklag vinnslu umsagnarmála, sbr. 66. gr. barnaverndarlaga – umsögn um hæfi sem fósturforeldri.....	20
Verklag við vinnslu umsagnarmála skv. 84.gr, barnaverndarlaga - leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.....	22
Verklag við vinnslu umsagnarmála vegna ættleiðingarumsókna.....	23
Verklag við vinnslu umsagnarmála vegna umsóknar um að gerast stuðningsforeldrar.....	24

Verklag vegna meðferðar trúnaðarupplýsinga hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

- Öll þau gögn sem hafa að geyma trúnaðarupplýsingar um einstaklinga skulu varðveitt í læstum hirslum.
- Ekki er heimilt að fara með gögn í málum einstaklinga út úr húsi nema í samráði við félagsmálastjóra.
- Frumrit skulu varðveitt í skjalaskáp félagsþjónustunnar eftir að hafa verið skönnuð inn í tölvukerfið með „link“ til ábyrgðaraðila málsins.
- Starfsfólk sem þarf á gögnum úr skjalaskáp að halda óskar eftir þeim við þjónustufulltrúa sem ber ábyrgð á skápnum. Þar skal koma fram hve lengi starfsmaður þarf á viðkomandi gögnum að halda.
- Starfsfólk ber ábyrgð á því að skila gögnum aftur til þjónustufulltrúa á tilskildum tíma.
- Afrit af öllum gögnum með undirskrift starfsmanns varðandi tiltekinn einstakling skulu sett til röðunar í möppu viðkomandi sem varðveitt er í skjalaskáp.
- Tölvupóstur varðandi einstaklinga færast sem dagáll í máli einstaklings.
- Við lokun máls hjá félagsþjónustunni prentast öll skjöl og dagálar út úr tölvukerfinu og skal þeim komið fyrir í möppu viðkomandi. Málinu er formlega lokað í tölvunni og með bréfi ef við á.
- Skjalaskápur skal ávallt vera læstur.

Röðun í skjalaskáp

- Raðað er í skápinn eftir stafrófsröð.
- Hver einstaklingur á sína möppu, þetta á einnig við um börn.
- Nafn og kennitala einstaklings er skráð utan á möppuna.
- Frumrit skulu ávallt liggja í möppu einstaklingsins sem varðveitt er í skjalaskáp, starfsmaður fær einungis afrit eða „link“ um að erindi hafi borist.
- Gögn raðast inn i möppurnar eftir dagsetningum, nýjustu gögnin efst.
- Gögn máls barna sem orðin eru 18 ára, eða við lok vinnslu barnaverndarmáls, eru send til varðveislu í skjalasafn sveitarfélagsins eftir tiltekinn tíma. Hið sama á við um önnur mál þar sem vinnslu er lokið.

Meðhöndlum trúnaðargögn fjölskyldna eins og um okkar eigið einkalíf væri að ræða

Verklag við móttöku tilkynninga hjá félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs vegna barnaverndar

Ákvæði um tilkynningaskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. grein. Sjá einnig III kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda er að finna í 19. gr. barnaverndarlaga.

- 16. gr. kveður á um tilkynningaskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningaskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningaskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.
- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Móttaka tilkynninga

Starfsfólk Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs tekur við tilkynningum vegna aðstæðna barna í sveitarfélögunum Borgarfjarðarhreppi, Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað og Vopnafjarðarhreppi. Sameiginleg félagsmálanefnd þessara sveitarfélaga hefur falið starfsfólki Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs að sinna sérhæfðum verkefnum við barnavernd skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Þegar starfsmenn félagsþjónustunnar taka við tilkynningu þarf að gæta þess að ræða nafnleyndarákvæði þegar tilkynnt er skv. 16. gr. Starfsmaður þarf að fá sem gleggstar upplýsingar um barnið; nafn, heimilisfang, tengsl tilkynnanda við barnið og tilefni tilkynningarinnar.

Innihald tilkynningar skal skráð niður og kynnt tilkynnanda til að tryggja að rétt sé eftir honum haft. Gæta þarf þess að ekkert sé í tilkynningu sem geti tengt tilkynnanda við hana, óski hann eftir nafnleynd skv. 16. og 19. gr.

Við móttöku tilkynninga, símleiðis þarf að gæta sérstaklega að því að fá upplýsingar um:

- Nafn barns, aldur og búsetu, auk nafna forráðamanna
- Tengsl tilkynnanda við barnið/foreldra.
- Nafn, kennitala, heimili og síma tilkynnanda.
- Ræða þarf nafnleynd skv. 19. gr.

- Ástæða tilkynningar og efni.
- Alvarleiki tilkynningar, þarf tafarlaust að bregðast við?
- Gefa kost á viðtali við ráðgjafa Félagsþjónustu Fljótshéraðs, eða búa tilkynnanda undir að mögulega verði hringt frá félagsþjónustunni til þess að fá nánari upplýsingar.

Skráning tilkynninga

Allar tilkynningar sem berast skulu móttökustimplaðar og skannaðar inn. Þær eru svo vistaðar undir nafni barnsins í tölvukerfinu og frumrit geymt í möppu í skjalaskáp. Verkefnastjóri barnaverndar skráir hjá sér allar tilkynningar á þar til gert skjal sem vistað er á félagsþjónustudrifi. Verkefnastjóri skráir einnig nýjar tilkynningar í tölvukerfi í málefni barnsins en sá starfsmaður sem vinnur málið klárar að fylla inn bakgrunnsupplýsingar varðandi fjölskylduna. Mikilvægt er að skrá ástæðu tilkynningar samkvæmt skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd.

Opinberir aðilar sem senda inn skriflega tilkynningu til Félagsþjónustu Fljótshéraðs **eiga að fá sent bréf þar sem móttaka tilkynningar er staðfest auk upplýsinga um verklag barnaverndar**. Gildir þetta jafnt um nýjar tilkynningar sem og tilkynningar inn í mál sem þegar eru til vinnslu. Verkefnastjóri barnaverndar sendir bréf við upphafs máls en ráðgjafi viðkomandi barns/barna sendir staðfestingu vegna tilkynninga í málum sem þegar eru í könnun/meðferð hjá félagsþjónustu Fljótshéraðs.

Vanda ber flokkun ástæðu tilkynninga, sjá nánar skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd

Tilkynningaskylda sbr. 17. gr.

Varðandi tilkynningaskyldu á grundvelli 17. gr. barnaverndarlaga gilda ofangreind atriði en til viðbótar er lögð áhersla á að athuga hvort almenn stuðningsúrræði hafi verið reynd, bæði innan og utan hlutaðeigandi stofnunar og að fólk hafi fengið leiðbeiningar þar um. Ef almenn stuðningsúrræði hafa ekki verið reynd er tilkynnendum bent á að láta á þau reyna og að fyrir þyki ekki rétt að hefja könnun.

Ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun er foreldrum sent bréf þar sem þeim er tilkynnt það. Jafnframt er foreldrum bent á þá þjónustu sem félagsþjónustan veitir á grundvelli félagsþjónustulaga.

Skriflegar tilkynningar

Mælst er til þess að tilkynningar frá opinberum aðilum séu skriflegar og að í tilkynningu sé gerð grein fyrir hvað áhyggjuefnið sé og hvað búið sé að reyna til að bæta úr því ástandi sem laga þarf. Að öllu jöfnu er reiknað með því að tilkynnendur skv. 17. gr. hafi látið forráðamann barns vita af tilkynningunni. Ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi af heimilismanni eru forráðamenn ekki upplýstir um að tilkynning verði send til Félagsþjónustu Fljótshéraðs.

Mat á tilkynningum

Við mat á því hvort hefja skuli könnun í kjölfar tilkynningar er ætíð haft að leiðarljósi hvort um **viðvarandi og/eða ítrekaða vanrækslu sé að ræða**. Það gildir þó ekki ef

barn er talið í bráðri hættu eða tilkynnt er um grun um ofbeldi. Þarft er að undirstrika að það er ekki hlutverk tilkynnenda að kanna mál og rökstuddur grunur er nægjanleg forsenda fyrir tilkynningu til barnaverndar. Það er síðan starfsmanna Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs að meta og kanna málið.

Þegar metið er hvort tilkynning leiði til könnunar á grundvelli barnaverndarlaga þarf að hafa í huga hvort um sé að ræða:

- **Vanrækslu:** Klæðnaði ábótavant, fæði ábótavant, hreinlæti ábótavant, heilbrigðisþjónustu ábótavant, döfnunarfeill (alvarleg líkamleg og tilfinningaleg vanræksla ungabarns).
Léleg skólasókn, barn ítrekað fjarverandi frá skóla, ung börn skilin eftir án gæslu eða í umsjá annarra barna, ábyrgð hæfir ekki aldri og/eða þroska barns, eldri börn skilin eftir langtímum saman og þurfa að sjá um sig sjálf, barn/börn ítrekað ein tímum saman, jafnvel yfir nótt. Lélegur fatnaður sem hentar illa aðstæðum, barn ítrekað óhreint, svangt, illa klætt og vanörvað, daglegum þörfum þess fyrir líkamlega og andlega umhirðu og örvun ekki sinnt. Áfengis eða vímuefnaneysla foreldra sem bitnar á aðbúnaði barns. Líkamleg/andleg veikindi foreldra eða vitsmunaleg hæfni þeirra talin hafa leitt til viðvarandi vanrækslu barns. Athuga að líkamleg og andleg vanræksla fer ekki alltaf saman.
- **Obeldi.** Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi. Áverkar sem barn á erfitt með að útskýra. Barn segir frá ofbeldi. Tilkynnandi hefur orðið vitni að ofbeldi af einhverju tagi gagnvart barni eða hefur rökstuddan grun um að barn sé beitt ofbeldi. Einnig ef barn verður vitni af ofbeldi á heimili sínu, til dæmis milli foreldra.
- **Áhættuhegðun barns:** Á oftast við um unglina. Áfengis- og/eða vímuefnaneysla, afbrot eða ofbeldisverk, sjálfskaðandi hegðun.
- **Heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu:** t.d. með áfengis og/eða vímuefnaneyslu móður á meðgöngu eða ofbeldi gagnvart móður.

Úthlutun mála til könnunar.

Innan 7 daga er tekin ákvörðun um hvort tilkynning sé talin gefa tilefni til könnunar máls. Félagsmálastjóri ásamt starfsmönnum barnaverndar funda vikulega og fara yfir tilkynningar með tilliti til úthlutunar. Eftir fundinn eru málin skráð á ábyrgðaraðila, sem á þá að hefja könnun máls. Á þetta verklag alltaf við nema metið sé að tilkynning sé það alvarleg að hún kalli á tafarlausu könnun. Hafa ber í huga að tilkynning er varðar líkamlegt ofbeldi gagnvart barni undir eins árs aldri þó ekki bið og ber að kanna strax.

Ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun máls er foreldrum sent bréf þar sem þeim er tilkynnt það.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við könnun barnaverndartilkyninga hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Ákvæði um könnun máls er að finna í V. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, og VIII. kafla sömu laga. Um er að ræða 21., 22., 40., 41., 42. og 43. grein. Ennfremur 46. gr. Sjá einnig V. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

- 21. gr. kveður á um málsmeðferð vegna tilkyninga.
- 22. gr. kveður á um markmið könnunar máls.
- 40. gr kveður á um leiðbeiningarskyldu.
- 41. gr. kveður á um rannsóknarreglu, málshraða o.fl.
- 42. gr. kveður á um skráningu upplýsinga.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.
- 46. gr. kveður á um réttindi barns við málsmeðferð.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu

Upphaf könnunar:

Viðtalsboðun/vitjun

Meginreglan er sú að sá starfsmaður sem hefur fengið mál til könnunar boðar forsjáraðila barnsins sem um ræðir til viðtals á skrifstofuna með símtali. Í símtalinu er gerð grein fyrir að borist hafi tilkyning og frá hverjum hún er, ef við á. Þyki það henta betur eða ef ekki næst í foreldra í síma er einnig hægt að boða þá bréflega. Sé um að ræða að tilkynnt hafi verið um ofbeldi forsjáraðila á barni er meginregla sú að byrjað er á viðtali við barnið, til dæmis í skóla. Forsjáraðila er gerð grein fyrir málinu svo fljótt sem verða má, helst samdægurs.

Undirritun könnunarblaðs

Í fyrsta viðtali við forsjáraðila barns er leitast við að gera grein fyrir tilkyningunni á sem gleggstan hátt, og gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ennfremur skal útskýra fyrir aðilum það ferli sem fer af stað þegar mál er kannað samkvæmt barnaverndarlögum og leita eftir samþykki til könnunar málsins. Ljóst verður að vera hvað á að kanna. Forsjáraðilar eru þá beðnir um að undirrita könnunarblað, þar sem fram kemur hverja verður haft samband við vegna könnunar málsins og er það meðal annars ákveðið í samráði við forsjáraðila. Ber að hafa í huga að afla á sem gleggstra upplýsinga um barnið og það sem tilkynnt er um. Jafnframt ber að hafa í huga meðalhóf, þannig að ekki sé gerð of ítarleg könnun á högum aðila. Samþykki forsjáraðila er ekki áskilið við könnun máls en leitast skal við að hafa samráð og samvinnu við forsjáraðila. Markmið könnunar er að afla nauðsynlegra

upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir hvers barns. Mál skal nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um framhald málsins.

Leitað til opinberra aðila

Fram skal koma á könnunarblaði til hvaða opinberu aðila verður leitað, til að mynda skóla barnsins eða leikskóla. Þessum aðilum er þá ýmist sent bréf, með beiðni um upplýsingar, og farið er fram á að aðilar geri grein fyrir því hvernig aðbúnaður barns og líðan kemur þeim fyrir sjónir, eða boðað til fundar með foreldrum og þeim sem þekkja til barnsins og upplýsinga aflað á þann hátt. Ef aðstæður gefa tilefni til að hraða könnun sérstaklega er hringt til þeirra opinberu aðila sem þörf er á, til að fá munnlegar upplýsingar. Þær upplýsingar skulu skráðar sem dagálar í máli barnsins.

Heimsókn á heimili

Í könnun máls er að jafnaði lögð áhersla á það að starfsmaður fari á heimili barns og reyni þannig að afla mikilvægra upplýsinga um aðbúnað barnsins.

Talað við barn

Í málum þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að hefja könnun er gert ráð fyrir að ætíð sé rætt við barnið. Það sé sérstaklega rökstutt eða gerð grein fyrir því sé það ekki gert. Sé barnið of lítið til að það sé hægt að ræða við það, sér starfsmaður í það minnsta barnið og aðstæður þess.

Ættingjar, vinir, nágrannar

Í sumum tilkynningum óska forsjárhafar eftir því að rætt verði við fjölskyldu eða vini og er það þá gert. Einnig geta starfsmenn óskað eftir því að fá að ræða við ættingja barns eða aðra nákomna bendi líkur til að slíkt geti gefið gleggri mynd af aðstæðum barnsins.

Skráning upplýsinga

Starfsmenn þurfa að skrá niður þær upplýsingar sem veittar eru munnlega við könnun máls og taldar eru geta haft þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Skipun talsmanns

Við upphaf könnunar þarf að taka afstöðu til þess hvort skipa þurfi barni talsmann. Um hæfi og hlutverk talsmanns er mælt fyrir í 30. og 31. gr. reglugerðar nr. 56/2004.

Niðurstaða könnunar:

Skilgreiningar og flokkunarkerfi notað

Notað er flokkunarkerfi á tilkynningar til glöggvunar á því sem kanna ber við aðstæður barns og taka mið af þegar afla þarf upplýsinga. Flokkarnir eru fjórir sem greinast síðan í smærri undirflokk.

- Gátlisti: 1. Ofbeldi,
2. Vanræksla,
3. Áhættuhegðun barna,
4. Líf og heilsa ófædds barns í hættu.

Þegar könnun er lokið og starfsmaður telur sig hafa nægjanlegar upplýsingar varðandi barnið og aðstæður þess til að taka ákvörðun um framhald máls, skrifar hann greinargerð og leggur fyrir meðferðarfund. Þá eru upplýsingar í málinu metnar og ákvörðun tekin um framhald málsins hjá Félagsþjónustu Fljótaldshéraðs. Samkvæmt flokkunarkerfinu eru fjórar mögulegar niðurstöður hugsanlegar, sem falla þá undir að máli er annað hvort lokið þar sem ekki telst þörf á afskiptum eða tekin er ákvörðun um að gera þurfi **áætlun um meðferð máls** með foreldrum þar sem bæta þurfi aðstæður barnsins. Málið er bókað á fundinum. Greinargerð skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin um að hefja könnun, og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir ákvörðunina.

Greinargerð um niðurstöðu könnunar máls skal innihalda eftirfarandi þætti:

- Tilfni könnunar.
- Ákvörðun um að hefja könnun og tilkynningu til fóstjáraðila.
- Inntak könnunar, með hvaða hætti mál var kannað.
- Niðurstaða, sem er einhver af þeim 4 möguleikum sem flokkunarkerfið býður upp á og felur annað hvort í sér lok máls eða áframhald.
- Tillögur að heppilegum úrræðum ef talin er þörf á úrbótum.

Foreldri er sent bréf með niðurstöðu könnunar, eða foreldri boðað til viðtals þar sem farið er yfir niðurstöðu könnunar.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við könnun máls vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn barni.

Ákvæði um tilkynningaskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. grein. Sjá einnig III kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.

Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda í 19. gr.

- 16. gr. kveður á um tilkynningaskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningaskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningaskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.
- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og

öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Starfsmenn Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs bera ábyrgð á meðferð þeirra tilkynninga skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 þar sem rökstuddur grunur liggur fyrir um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi/áreitni. Um tilkynningar vegna gruns um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi gilda sömu vinnureglur og um aðrar tilkynningar sem berast Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, þ.e. um könnun máls, áætlun og meðferð skv. gildandi barnaverndarlögum.

Læknisskoðun

Ef starfsmaður metur að barn þurfi á **bráðaskoðun** læknis að halda, þarf í samráði við forráðamann að hafa samband við vakthafandi lækni og boða komu barns til hans. Starfsmaður sendir skriflega beiðni um læknisskoðun og sendir með barninu. Starfsmaður þarf að meta hvort nauðsynlegt er að fylgja barni og foreldri til læknisskoðunar. Séu áverkar á barni eða rökstuddur grunur um að barn hafi nýlega orðið fyrir alvarlegu kynferðisofbeldi ber að fá læknisskoðun svo fljótt sem auðið er.

Lögreglurannsókn

Starfsmenn Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs geta óskað lögreglurannsóknar á meintum kynferðisbrotum. Skal það gert að vel athuguðu máli og þarf grunur um brot gegn barni að vera rökstuddur. Að öllu jöfnu er rannsóknar lögreglu óskað með samþykki forráðamanna. Lögreglurannsóknar er óskað skriflega með bréfi til rannsóknardeildar lögreglu. Á það skal bent að forráðamenn geta sjálfir snúið sér beint til lögreglu og óskað lögreglurannsóknar. Jafnframt er send tilvísun í Barnahús. Athuga þarf að ekki er í öllum tilfellum tilefni til þess að óska lögreglurannsóknar við upphaf könnunar. Er mál þá annaðhvort kannað með “könnunarviðtali” í Barnahúsi eða starfsmenn Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs kanna málið nánar sjálfir, t.d. með viðtali við barn og aðstandendur.

Tilvísun í Barnahús

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um tilvísun í Barnahús skal starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs fylla út þar til gert eyðublað og afla skriflegs samþykkis forsjáraðila fyrir tilvísuninni. Starfsmaðurinn skal rita samantekt um málið og láta hana fylgja tilvísuninni. Í samantektinni skal getið um þær grunsemdir sem vaknað hafa, tilefni þeirra og atvikalýsingu. Ef slíkt liggur fyrir skal getið um einkenni hjá barninu og þróun þeirra, framburð barnsins, í hvaða samhengi hann kom fram, viðbrögð og túlkun aðila í nánasta umhverfi barnsins, tímasetningar og annað sem máli skiptir.

Starfsmaðurinn skal senda tilvísun og samantekt í Barnahús. Í Barnahúsi skal starfsmaður kynna málið sé þess óskað og annast f.h. Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs samstarf við þá aðila sem þar koma að málinu. Hann skal einnig

undirbúa barn fyrir förina í Barnahús, boða barn og forráðamenn, taka á móti þeim og vera viðstaddur rannsóknarviðtalið.

Að jafnaði skal starfsmaður sjá um að kynna foreldrum niðurstöður þeirra athugana sem gerðar eru á barninu og leita samstarfs foreldra um áframhald málsins, s.s. gerð meðferðaráætlunar. Gæta þarf þess að styðja við fjölskylduna á sem bestan hátt, s.s. með viðtölum við foreldra og barn.

Athuga þarf að 43. gr. barnaverndarlaga um rannsóknarheimildir gæti átt við ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu forráðamanns/heimilismanns. Ef forsjáraðili er meintur gerandi og/eða samþykki fæst ekki, gæti þurft að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. Barnaverndarlaga. Er það aðeins gert í samráði við félagsmálastjóra og formann félagsmálanefndar.

Verklag við könnun máls þegar grunur leikur á ofbeldi forráðamanns/heimilismanns gagnvart barni.

Ákvæði um tilkynningaskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. grein. Sjá einnig reglugerð um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd nr. 56/2004.

Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda í 19. gr.

- 16. gr. kveður á um tilkynningaskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningaskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningaskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.
- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Athuga þarf að 43. gr. barnaverndarlaga um rannsóknarheimildir gæti átt við ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi af hálfu forráðamanns/heimilismanns. Það er t.d. gert með þeim hætti að starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs ræðir í upphafi könnunar við barn án vitundar forráðamanns. Ef forsjáraðili er meintur gerandi og/eða samþykki fæst ekki fyrir

frekari könnun, gæti þurft að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga. Er það aðeins gert í samráði við félagsmálastjóra og formann félagsmálanefndar.

Viðtal við barn

Þegar grunur hefur vaknað um ofbeldi forsjáraðila á barni getur starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, sbr. ofanskráð farið og rætt við barnið til að mynda í skóla eða leikskóla án vitundar forsjáraðila. Starfsmaður gæti með þeim hætti aflað haldbetri upplýsinga frá barninu sjálfu og metið líðan þess án íhlutunar meints geranda. Forsjáraðili skal látinn vita af viðtalinu eins fljótt og kostur er og helst samdægurs.

Læknisskoðun

Ef starfsmaður metur að barn þurfi á **bráðaskoðun** lækni að halda, þarf að hafa samband við vakthafandi lækni og boða komu barns þangað. Starfsmaður sendir skriflega beiðni um læknisskoðun og sendir með barninu. Starfsmaður þarf að meta hvort nauðsynlegt er að fylgja barni og foreldri til læknisskoðunar.

Lögreglurannsókn

Starfsmenn Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs geta óskað lögreglurannsóknar á meintum ofbeldisbrotum. Skal það gert að vel athuguðu máli og þarf grunur um brot gegn barni að vera rökstuddur. Að öllu jöfnu er rannsóknar lögreglu óskað með samþykki forráðamanna. Lögreglurannsóknar er óskað skriflega með bréfi til rannsóknardeildar lögreglu. Á það skal bent að forráðamenn geta sjálfir snúið sér beint til lögreglu og óskað lögreglurannsóknar.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við könnun máls þegar grunur leikur á ofbeldi gagnvart barni undir eins árs aldri.

Ákvæði um tilkynningaskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. grein. Sjá einnig reglugerð um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd nr. 56/2004.

Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda í 19. gr.

- 16. gr. kveður á um tilkynningaskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningaskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningaskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.
- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Könnun máls

- Þegar tilkynning berst um líkamlegt ofbeldi gagnvart barni undir eins árs aldri er mikilvægt að taka afstöðu án tafar um hvort eigi að hefja könnun máls þar sem svo ungt barn getur verið í lífshættu reynist tilkynning rétt.
- Meginreglan er sú að kanna málið þegar slíkar tilkynningar berast. Sterk rök þurfa að vera til staðar eigi ekki að kanna mál af þessu tagi. Mælt er með því að leita ráðgjafar hjá Barnaverndarstofu telji starfsfólk ekki ástæðu til að kanna málið.
- Áður en tekin er ákvörðun um könnun máls skal afla ítarlegra upplýsinga frá tilkynnanda, auk þess er kannað hvort áður hafi verið opið mál á viðkomandi barn, systkini þess eða foreldra og hvers eðlis málin voru.
- Ef tök eru á skulu fleiri en einn starfsmaður standa saman að könnun málsins.
- Sé barn á heimili sínu skal fara í heimsókn svo fljótt sem auðið er. Í heimsókninni þarf að sjá barnið og leggja mat á ástand þess. Einnig þarf að ræða við foreldra bæði saman og í sitthvoru lagi. Séu fleiri börn á heimilinu skal ræða við þau einslega. Í heimsókninni er mikilvægt að byggja upp traust foreldra gagnvart barnavernd og bjóða þeim viðeigandi stuðning.
- Sé barn innlagt á spítala er samt sem áður mikilvægt að fara í heimsókn á heimili við fyrsta tækifæri til að kanna aðstæður á heimili og ræða við foreldrana.
- Eftir fyrstu heimsókn skal leggja mat á það hvort vista þurfi barn utan heimilis.
- Mikilvægt er að óska eftir ítarlegri læknisrannsókn hafi hún ekki farið fram. Ef barnið er ekki vistað utan heimilis getur verið nauðsynlegt að framkvæma slíka rannsókn af og til.

Verklag við gerð meðferðaráætlunar hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Áætlun um meðferð máls skv. 23. gr barnaverndarlaga. Sjá einnig reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndir nr. 56/2004

Áætlun um meðferð máls í samvinnu við foreldra getur falið í sér:

- Úrræði með samþykki foreldra skv. 24. gr. barnaverndarlaga
- Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra skv. 25. gr. barnaverndarlaga.
- 48. gr barnaverndarlaga kveður á um að samþykki foreldra og barns vegna 25. gr. skuli vera skriflegt og í viðurvist tveggja óháðra votta og viðkomandi gerð grein fyrir réttaráhrifum samþykkis.

- 30. gr. barnaverndarlaga tekur til þungaðra kvenna, ef könnun leiðir í ljós að afskipta er þörf.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin á meðferðarfundi, um að gera áætlun um meðferð máls, skal það gert skriflega og skrifa undir hana starfsmaður, forsjáraðilar og barnið sjálft sé það orðið 15 ára. Meðferðaráætlun skal rædd við barn miðað við aldur þess og þroska, sé gert ráð fyrir þátttöku barns í úrræðum meðferðaráætlunar skal það skrifa undir áætlunina þrátt fyrir að hafa ekki náð 15 ára aldri. Þar sem foreldrar fara með sameiginlega forsjá skulu þeir báðir skrifa undir, sé þess kostur. Í öllum tilfellum skulu báðir foreldrar upplýstir um afskipti barnaverndar.

Áætlun skal fela í sér eftirfarandi:

- *Ástæðu afskipta Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs. Niðurstaða könnunar máls.*
- Á því eyðublaði sem foreldrar skrifa undir skal fyrst greina skýrt hver sé ástæða þess að málið er til meðferðar hjá félagsmála- og barnaverndarnefndinni og hvað könnun á málinu hafi leitt í ljós.
- *Markmið áætlunar.* Gera þarf skýra grein fyrir því á eyðublaðinu hvert er markmið með afskiptum Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs fyrir viðkomandi einstakling.
- *Úrræði og aðgerðir sem beita skal til að markmiði áætlunar verði náð.* Gera á skýra grein fyrir því hvert *hlutverk starfsmanna* hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs verður í því að ná gefnum markmiðum. Sé um að ræða marga þætti skal leitast við að orða hluti skýrt og númera þættina, þannig að ekki verði misskilnugur milli aðila.
- Á sama hátt skal koma skýrt fram hvers ætlast er til af forsjáraðila og barni.
- Ennfremur skal vera skýrt hvenær sú áætlun sem gerð er, verður *endurmetin* m.t.t. breytinga.
- Undir áætlun skrifa forsjáraðilar barns, starfsmaður sem annast málsmeðferð og ef við á, barnið sjálft.

Þegar um gerð áætlunar er að ræða skal starfsmaður hafa í huga að áætlun er liður í framvindu máls og áætlun er vinnutæki starfsmanns til að hægt sé að meta hvernig unnist hefur með málið. Ennfremur er meðferðaráætlun mikilvæg fyrir foreldra þannig að þeir séu að fullu meðvitaðir um það hvað gert verður og á hve löngum tíma.

Við gerð áætlunar er mikilvægt að hafa í huga að starfsmaður þarf að leggja línurnar skv. niðurstöðu könnunar máls, en mikilvægt er að foreldrar, og ef við á barnið, komi með sín sjónarmið og meðferðaráætlunin sé unnin í samvinnu.

Mikilvægt er að hafa í huga að hvert mál er einstakt og hvert barn og fjölskylda þess sérstök og því eru engar tvær meðferðaráætlanir eins, jafnvel þó málsatvik er varða afskipti Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs geti verði svipuð.

Endurmat áætlunar:

Áætlun er endurmetin að ákveðnum tíma liðnum á meðferðarfundi. Þá er tekin ákvörðun um það hvort gerð verður ný áætlun, máli lokað eða það jafnvel lagt fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd. Bókun er gerð á meðferðarfundi um málið.

Hafi meðferðaráætlun að engu leyti gengið eftir og ekki er sýnt að markmiðum hafi verið náð, getur farið svo að önnur áætlun taki við ef það mætti ganga betur. Annars er tekin ákvörðun um að leggja málið fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd þar sem samvinnu við forsjáraðila skorti.

Sé tekin sú ákvörðun um að loka málinu þar sem aðgerðir hafi dugað til að bæta stöðu viðkomandi barns, er foreldrum sent bréf þar um. Fram kemur í bréfinu það helsta sem gerst hefur varðandi málið og hvernig það hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að málinu skuli lokað.

Einhliða áætlun:

Náist ekki samkomulag við foreldra um úrræði skal meta hvort loka skuli málinu eða beita þurfi úrræði án samþykkis foreldra. Sé talin ástæða til þvingunarúrræða skv. 26. og 27. gr. barnaverndarlaga skal starfsmaður skrifa einhliða áætlun sem lögð er fyrir félagsmálanefnd. Einhliða áætlun er sett upp í formi greinargerðar. Í einhliða áætlun skal koma fram:

- Nafn barns og nöfn forsjáraðila, kennitölur og heimilisföng
- Niðurstöður könnunar
- Þær áætlanir um stuðningsaðgerðir sem kunna að hafa verið gerðar og mat á árangri
- Tillögur um beitingu tiltekinna þvingunarúrræða sem nauðsynlegt þykir að grípa til.

Verklag þegar mál er lagt fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd.

Ákvarðanir um að leggja mál fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd eru teknar:

- Skv. ákvörðun meðferðarfundar
- Í kjölfar neyðarráðstöfunar skv. 31.gr.
- Skv. fyrri bókun nefndarinnar
- Umsagnir vegna fóstur-, vist- og eða stuðningsforeldraumsókna, skv. 66. gr., 84. og 85. gr. barnaverndarlaga
- Umsagnir í ættleiðingamálum, skv. 16. gr. laga um ættleiðingar nr. 31/1999

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Tilfni til að leggja mál fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd:

- Skortur á samvinnu við forsjáraðila/barn
- Ágreiningur um umgengni í fósturmálum
- Vistun barns utan heimilis
- Breytingar á högum fósturforeldra
- Umsagnir til ráðuneytis, sýslumanns og Barnaverndarstofu

Undirbúningur starfsmanns áður en mál er lagt fyrir nefndina:

- Ákvörðun tekin á meðferðarfundi
- Kynna bókun meðferðarfundar fyrir forsjáraðila/ungling 15 ára og eldri
- Kynna forsjáraðila/unglingi rétt til lögmannsaðstoðar / túlkapjónustu
- Meta þörf á talsmanni
- Kynna forsjárlausu foreldri stöðu málsins
- Tryggja að fyrir liggja nýjar upplýsingar um aðbúnað barnsins og aðstæður forsjáraðila
- Greinargerðarskrif
- Kynna forsjáraðila greinargerð og fylgiskjöl
- Afhenda lögmanni/forsjáraðila/ungling greinargerð minnst 5 sólarhringum fyrir fund, þar sem einnig er kynnt tímasetning á fyrirtöku

Greinargerðaskrif :

- Aðskilja staðreyndir og mat
- Vitna í lagatexta
- Hafa megin áhersluna á barnið sem málið fjallar um
- Rökstyðja tillögur vel í matskafla
- Skrifa á 1.5 línubili
- Drög að greinargerð skilað til verkefnisstjóra barnaverndar/félagsmálastjóra til yfirlstrar
- Leiðrétt greinargerð með fylgiskjöllum skal skila þjónustufulltrúa minnst 5 sólarhringum fyrir fund nefndarinnar.

Tillaga að uppbyggingu greinargerðar:

- Ástæða fyriragnar
- Síðasta bókun nefndarinnar
- Ítarlegar upplýsingar um barnið
- Upplýsingar um foreldra/systkini
- Afstaða foreldra/barns
- Afskipti barnaverndaryfirvalda
- Stuðningsúrræði skv. barnaverndarlögum
- Samantekt
- Mat
- Tillaga
- Undirskrift

- Yfirlit yfir fylgiskjöl
- Staðfesta og rökstyðja það sem fram kemur í greinargerð, sé þess óskað
- Svара fyrirspurnum nefndarmanna, lögmanns eða aðila málsins
- Koma á framfæri hugsanlegum viðbótar upplýsingum í málinu

Eftirfylgd fundar félagsmála- og barnaverndarnefndar:

- Kynna bókun nefndarinnar fyrir forsjáraðila/unglingi m. bréfi

Verklag við framkvæmd vistunar á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

Aðdragandi:

- Talin ástæða til að vista barn tímabundið, **skrifleg yfirlýsing** forsjáraðila um samþykki eða ósk, **skriflegt samþykki** barns eldri en 15 ára auk **yfirlýsingar** forsjárlaus foreldris.
- Bókun fundar félagsmála- og barnaverndarnefndar án samþykkis forsjáraðila og/eða barns eldra en 15 ára.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Vistun á grundvelli 84. greinar barnaverndarlaga er að öllu jöfnu ekki lengri en þrjú mánuðir en hægt er að sækja um framlengingu til þriggja mánaða í senn. Vistun getur þó aldrei varað lengur en eitt ár.

- Fari barn í vistun til einstaklinga sem ekki hafa tilskilin leyfi skal send tilkynning til Barnaverndarstofu um ráðstöfun barns til bráðabirgða skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652. Tilkynningin skal send um leið og vistun hefst.
- Gera þarf skriflegan samning við vistforeldra þar sem fram kemur tímalengd vistunar, hlutverk vistforeldra og greiðslur til þeirra. Afrit af samningnum skal sent Barnaverndarstofu. Eintök af samningnum þurfa að vera til jafnt í möppu barnsins sem og vistforeldra.
- Þjónustufulltrúi félagsþjónustu fær einnig afrit af samningi í hendur ásamt bankaupplýsingum vistforeldra vegna launagreiðslna.
- Séu vistforeldrar ekki með tilskilin leyfi skal afla sem gleggstra upplýsinga um þá og senda umsókn til Barnaverndarstofu.

Verklag við framkvæmd tímabundins fósturs hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Aðdragandi:

- Talin ástæða til að fóstura barn tímabundið, skrifleg **yfirlýsing** forsjáraðila um samþykki eða ósk, **skriflegt samþykki** barns eldri en 15 ára auk **yfirlýsingar** forsjárlaus foreldris.
- Bókun fundar félagsmála- og barnaverndarnefndar án samþykkis forsjáraðila og/eða barns eldri en 15 ára og/eða úrskurður sendur **Héraðsdómi Austurlands til úrskurðar**, skv. bókun félagsmála- og barnaverndarnefndar.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Tímabundið fóstur getur varað frá nokkrum mánuðum til einhverra ára. Samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð barnaverndarnefndar á að gera áætlun um tímalengd og tilgang slíkra fósturmála áður en til fósturs kemur.

- **Umsókn til Barnaverndarstofu** þar sem skrifuð er greinargerð um barnið, meðfylgjandi yfirlýsingum aðila og eða bókun félagsmála- og barnaverndarnefndar, meðferðaráætlun og nauðsynlegum gögnum vegna barns, s.s. sálfræðiskýrslum.
- Starfsmaður setur sig í beint samband við **Barnaverndarstofu** sem finnur hentugt heimili í samráði við starfsmann.
- Starfsmaður setur sig í samband við **fræðslufulltrúa Fljótsdalshéraðs**, sé **barnið búsett þar** vegna skólaúrræðis sé barnið á þeim aldri
- Starfsmaður ræðir við **vætanlega fósturforeldra, m.a. á heimili þeirra til að undirbúa fósturaðlögun. Mikilvægt er að skoða vel skólaúrræði og ræða við skólastjóra.**

Fylgja þarf eftir að barn fái áframhaldandi sérúrræði, ef það hefur verið í sérdeild eða með sérkennslutíma.

- Starfsmaður **undirbýr málið fyrir fund félagsmála- og barnaverndarnefndar (ath. tvær greinargerðir eru lagðar fram; fyrst um barnið, þarfir þess og ástæðu vistunar og síðan um fósturráðstöfunina og fósturforeldra)**. Lögð er fram greinargerð með kynningu á fósturráðstöfuninni og fósturforeldrum, henni fylgir undirritaður **fóstursamningur** með ákvæðum um **umgengni** barns við foreldra. Þá er **leyfi Barnaverndarstofu** fylgiskjal með greinargerð. Félagsmála- og barnaverndarnefnd fjallar um málið og samþykkir fósturráðstöfun í tiltekinn tíma. Forsjáraðilum er gefinn kostur á að mæta á fund félagsmála- og barnaverndarnefndar og barnið eða talsmaður þess.
- Fóstursamningur er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmála- og barnaverndarnefndar.

- Starfsmaður kynnir forsjáraðilum bókun nefndarinnar. Ef bókun er send lögmönnum forsjáraðila eða forsjáraðilum í pósti er skrifað bréf með bókun um sendinguna og í einstaka tilfellum er óskað eftir kvittun fyrir móttöku. Þetta er gert til að tryggja vinnuferlið og m.t.t. réttar aðila til að kæra niðurstöðu félagsmála- og barnaverndarnefndar.
- Starfsmaður tilkynnir fósturráðstöfun til; **Tryggingastofnunar ríkisins** vegna meðlagsgreiðslna, ef um slíkt er að ræða; þá ber að senda **Barnaverndarstofu tilkynningu um gerðan fóstursamning** og senda **viðkomandi sveitarfélagi tilkynningu um greiðslu til fósturforeldra og tilgreina greiðslur og tíma**. Starfsmaður heldur utan um **framkvæmd fósturráðstöfunarinnar og í því felst að heimsækja fósturheimili og skóla, a.m.k. einu sinni á vetri. Er þá rætt við fósturforeldra, rætt við barnið sérstaklega og farið í skólann til að fylgjast með og fylgja eftir málum þar.**
- Þar sem um tímabundnar ráðstafanir er að ræða, ber starfsmaður **ábyrgð á mati í lok þess tíma** sem félagsmála- og barnaverndarnefnd hefur samþykkt og mikilvægt að fylgja eftir **meðferðaráætlun** sbr. 23. gr. barnaverndarlaga gagnvart barni og forsjáraðilum.
- Þá ber að leggja fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd ef áætlað er að **framlengja tímabundnu fóstri** og skal þá m.a. koma fram í greinargerð hvernig barninu hefur liðið í fóstri og hvaða breytingar hafa orðið/eða ekki orðið í aðstæðum foreldra.

Ath. Þegar svo stendur á að starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs hefur ákveðið heimili í huga sem fósturheimili, er væntanlegum fósturforeldrum bent á að setja sig í samband við Barnaverndarstofu vegna úttektar til að fá leyfi til að taka barn í fóstur.

Þegar um tímabundið fóstur er að ræða er mikilvægt að starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs ræði við foreldra og geri með þeim meðferðaráætlun sem miði að því að undirbúa og tryggja að heimkoma barns verði með sem farsælustum hætti.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við framkvæmd varanlegs fósturs hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með **varanlegu fóstri** er átt við að fóstur haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara **fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur** nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati félagsmála- og barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum **reynslutíma** sem skal ekki vera lengri en ár (65. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002).

Félagsmála- og barnaverndarnefnd fer að öllu jöfnu með forsjá barns þegar um varanlega fósturráðstöfun er að ræða. Varanlegt fóstur getur bæði komið í kjölfar þess að forsjárbreyting hafi átt sér stað, með samþykki foreldra, eða jafnvel að ósk þeirra, eða ef um sviptingu forsjár hefur verið að ræða.

- Starfsmaður Félagsþjónustu Fljótshéraðs gerir umsókn og velur fósturforeldra hjá Barnaverndarstofu og hefur yfirumsjón með aðlögun barns og fósturforeldra.
- Þegar barn fer í varanlegt fóstur **leggur starfsmaður málið tvisvar sinnum fyrir fund félagsmála- og barnaverndarnefndar**. Í fyrra skiptið þegar gengið er frá að barnið fari í fóstur til **reynslu**, með varanlegt fóstur í huga. Þá fara fyrir fund nefndar tvær greinargerðir eins og þegar mál er lagt fyrir nefnd og varðar tímabundna fósturráðstöfun. Reynslutíminn getur verið frá 3 mánuðum upp í eitt ár. **Að loknum reynslutíma fer málið á ný fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd með einni greinargerð**. Með greinargerðum fylgir m.a. drög að fóstursamningi, sem undirritaður hefur verið með fyrirvara um samþykki nefndarinnar.
- Þegar félagsmála- og barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur felst vinna starfsmanna í stuðningi við fósturbarn og fósturforeldra. Þá eru starfsmenn Félagsþjónustu Fljótshéraðs viðstaddir umgengni fósturbarna og foreldra hafi félagsmála- og barnaverndarnefnd ákveðið að svo skuli vera eða samið hefur verið um slíkt.
- **Samkvæmt lögum ber starfsmönnum barnaverndarnefnda að heimsækja hvert fósturheimili a.m.k. einu sinni á ári.**

Tilkynningar til stofnana v/varanlegt fóstur: a) **Hagstofa Íslands** um lögheimilisbreytingu, b) til **Tryggingastofnunar ríkisins**, c) til **þjónustufulltrúa Félagsþjónustu Fljótshéraðs eða viðkomandi aðildarsveitarfélags** vegna greiðslna, d) til **Barnaverndarstofu** um gerð fóstursamnings og e) til **ríkisskattsjóra** m.t.t. barnabóta og annarra greiðslna.

Taka verður til sérstakrar úrlausnar ef ágreiningur er um fyrirkomulag umgengni og eiga aðilar þá rétt á að mæta fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (andmælaréttur**). Úrskurði Barnaverndarnefnda er unnt að skjóta til kærufundar barnaverndarmála.**

Styrkt fóstur

Sérstök reglugerð gildir varðandi úrræði Barnaverndarstofu um styrkt fóstur. Verklag starfsmanna Félagsþjónustu Fljótshéraðs er með svipuðu sniði og þegar um er að ræða almennt tímabundið fóstur. Starfsmenn Félagsþjónustu Fljótshéraðs sjá um

markvissa handleiðslu fagaðila við fósturforeldra, gera ráðstafanir til þess að barn fái aðstoð fagaðila sé þess þörf. Tryggja ber að samráðsfundir verði haldnir með fósturforeldrum og aðilum sem þörf þykir á. Þá er fóstursamningur sendur Barnaverndarstofu sem gerir athugasemdir við hann ef þörf þykir. Undirritaður fóstursamningur er síðan sendur til Barnaverndarstofu.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við gerð umsókna vegna skólavistar nemenda sem vistaðir eru á vegum Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Fyrir liggur ákvörðun um að vista barn tímabundið utan heimilis.

- Starfsmaður setur sig í samband við Barnaverndarstofu og fær upplýsingar um möguleg fósturheimili.
- Starfsmaður barnaverndar skal tryggja að gögn er varða nemandann séu flutt milli skólastofnana, sé þess þörf.
- Starfsmaður sendir formlega umsókn um greiðslur vegna skólavistar til viðeigandi fræðslunefndar.
- Ef skólaárið er hafið getur barnið farið strax í skólann.
- Fræðslufulltrúi viðkomandi sveitarfélags afgreiðir umsókn formlega til sveitarstjórnar viðtökusveitarfélags með afriti til Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og skólastjóra viðtökuskóla.
- Viðtökusveitarfélag afgreiðir formlega umsóknina með afriti til Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag vinnslu umsagnarmála, sbr. 66. gr. barnaverndarlaga - umsögn um hæfi sem fósturforeldri.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast viðkomandi máli, fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

- Erindi berst frá Barnaverndarstofu þar sem óskað er umsagnar félagsmála- og barnaverndarnefndar skv. 66.gr. barnaverndarlaga um hæfi umsækjanda til að gerast fósturforeldri.
- Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs skráir málið og því úthlutað á vikulegum meðferðarfundum.
- Starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs kannar aðstæður foreldra, með viðtölum á skrifstofu og einnig með heimsókn á heimili fjölskyldunnar. Aflað er nauðsynlegra viðbótarupplýsinga sé þess þörf, t.d. með viðtölum eða með öðrum hætti: við ættingja, vini, fagaðila eða aðra sem talið er að hafi upplýsingar er málið varðar.
- Starfsmaður skrifar dagála frá vinnslu málsins.
- Að upplýsingaöflun lokinni skrifar starfsmaður greinargerð, sem tilvonandi fósturforeldrum er gefinn kostur á að lesa.
- Verkefnastjóri Barnaverndar og/eða félagsmálastjóri fer yfir greinargerðina ásamt fylgiskjölum og gerir hugsanlegar athugasemdir til leiðréttingar áður en málið er lagt fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd.
- Undirrituð greinargerð ásamt fylgiskjölum skal vera tilbúin til ljósritunar hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs fimm dögum fyrir fund nefndarinnar.
- Starfsmaður lætur tilvonandi fósturforeldra vita að greinargerðin sé tilbúin til afhendingar á skrifstofu Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs fimm sólarhringum áður en nefndin fundar. Jafnframt eru umsækjendur þá upplýstir um hvenær að deginum þeirra mál mun verða tekið fyrir.
- Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs fjallar um málið, þar sem umsækjendum er gefinn kostur á því að mæta á fund nefndarinnar óski þeir þess og einnig mun starfsmaður mæta á fundinn sé þess þörf.
- Bókun nefndarinnar er tilbúin innan viku tíma frá því að fundað er. Þjónustufulltrúi Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs færir bókun nefndarinnar inn í málaskrá á viðkomandi.
- Starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs áframsendir bókun nefndarinnar með formlegum hætti til Barnaverndarstofu.
- Málinu formlega lokað í málaskrá þegar bókun liggur fyrir.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Verklag við vinnslu umsagnarmála skv. 84.gr, barnaverndarlaga - leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

- Erindi berst frá Barnaverndarstofu þar sem óskað er umsagnar félagsmála- og barnaverndarnefndar skv. 84. gr. barnaverndarlaga um hæfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn. Ábendingar um mögulega vistforeldra geta einnig borist félagsþjónustu með öðrum hætti.
- Félagspjónusta Fljótsdalshéraðs skráir málið og úthlutar því á vikulegum meðferðarfundum.
- Starfsmaður kannar aðstæður umsækjenda, með viðtölum á skrifstofu og einnig með heimsókn á heimili það sem hefja skal rekstur á. Aflað er nauðsynlegra viðbótarupplýsinga, þar sem Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004 er höfð til hliðsjónar.
- Starfsmaður skrifar dagála frá vinnslu málsins.
- Að upplýsingaöflun lokinni skrifar starfsmaður greinargerð, sem umsækjendum er gefinn kostur á að lesa.
- Verkefnastjóri Barnaverndar og/eða félagsmálastjóri fer yfir greinargerðina ásamt fylgiskjöllum og gerir hugsanlegar athugasemdir til leiðréttingar áður en málið er lagt fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd.
- Undirrituð greinargerð ásamt fylgiskjöllum skal vera tilbúin til ljósritunar hjá Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs fimm dögum fyrir fund nefndarinnar.
- Starfsmaður lætur umsækjendur vita að greinargerðin sé tilbúin til afhendingar á skrifstofu Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs fimm sólarhringum áður en nefndin fundar jafnframt eru umsækjendur þá upplýstir um hvenær að deginum þeirra mál mun verða tekið fyrir.
- Félagspjónusta Fljótsdalshéraðs fjallar um málið, þar sem umsækjendum er gefinn kostur á því að mæta á fund nefndarinnar óski þau þess. Starfsmaður mætir á fund nefndarinnar sé þess þörf.
- Bókun nefndarinnar er tilbúin innan viku tíma frá því að fundað er. Þjónustufulltrúi Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs færir bókun nefndarinnar inn í málaskrá á viðkomandi umsækjanda.
- Starfsmaður Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs áframsendir bókun nefndarinnar til Barnaverndarstofu.
- Sé um að ræða umsókn um rekstur annarra úrræða skv. 84. grein skal hún send ásamt greinargerð, læknisvottorðum og undirrituðu leyfi allra

heimilismanna 15 ára og eldri fyrir því að afla megi upplýsinga úr sakaskrá til Barnaverndarstofu.

- Málinu formlega lokað í málaskrá þegar engin börn eru lengur í vistun á heimilinu eða leyfi er útrunnið.

Verklag við vinnslu umsagnarmála vegna ættleiðingarumsókna

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs gefur umsagnir um einstaklinga sem búsettir eru á félagsþjónustuvæði Fljótsdalshéraðs varðandi ættleiðingar á börnum.

- Beiðni um umsögn berst frá sýslumannsembættinu í Reykjavík
- Móttaka bréfsins er staðfest og látið vita hvort tímafrestur stenst
- Málinu úthlutað starfsmanni á vikulegum meðferðarfundum
- Umsækjendur eru boðaðir til viðtals
- Heimsóknir á heimili umsækjenda
- Viðtal við ættingja/vini (meðmælendur)
- Dagálar skrifaðir frá viðtölum
- Greinargerð skrifuð

Umsækjendum gefinn kostur á að lesa og leiðrétta upplýsingar er fram koma í greinargerðinni

- Greinargerðin lögð fyrir félagsmála- og barnaverndarnefnd
- Starfsmaður gerir grein fyrir aðstæðum
- Umsækjendum gefinn kostur á að mæta
- Bókun nefndarinnar og greinargerð með tillögu send til sýslumannsembættisins í Reykjavík

Í viðtölunum er leitast við að fá upplýsingar um:

- Andlegan og félagslegan stöðugleika
- Hæfni til barnauppeldis
- Sjálfsvirðingu
- Hæfni til að finna til samkenndar
- Næmi, skilningur á líðan annarra
- Gildismat
- Ábyrgðartilfinning

- Áreiðanleiki í samskiptum
- Félagslegar aðstæður
- Stuðningur ættingja/vina
- Viðhorf til áfengis og vímuefna

Kaflaskil í greinargerðinni:

- Vinnsla málsins
- Fjölskylda og uppvaxtarár
- Nám og atvinna
- Sambúð / hjónaband
- Heilsufar
- Áhugamál og tómstundir
- Félagslegar aðstæður
- Fjárhagur
- Undirbúningur að væntanlegri komu barns
- Ástæður ættleiðingarbeiðni
- Viðhorf ættingja umsækjenda til ættleiðingarbeiðni og stuðningsyfirlýsingar
- Samantekt og mat
- Tillaga

Verklag við vinnslu umsagnarmála vegna umsóknar um að gerast stuðningsforeldrar

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs veitir einstaklingum og hjónum/sambúðarfólki búsettu á þjónustusvæði félagsþjónustunnar leyfi til að gerast stuðningsforeldrar

- Umsókn berst frá einstaklingi eða hjónum/sambúðarfólki um að gerast stuðningsforeldrar
- Tekið er viðtal við umsækjendur og farin að minnsta kosti ein heimsókn á heimili þerra
- Óskað er eftir læknisvottorði frá umsækjendum og fengið leyfi frá öllum heimilismönnum, 15 ára og eldri til að afla upplýsinga úr sakaskrá.
- Skrifuð er greinargerð sem umsækjendum er gefinn kostur á að lesa.
- Greinargerð er lögð fyrir félagsmálanefnd sem tekur ákvörðun um hvort leyfi er veitt.
- Leyfi stuðningsforeldra er ávallt veitt til eins árs í senn
- Börn geta dvalið hjá stuðningsforeldrum í allt að 7 sólarhringa í senn

- Almennt er ekki gert ráð fyrir fleiri en tveimur börnum í stuðningsdvöl á sama tíma
- Þegar vistforeldrar eru komnir með leyfi er mikilvægt að þeir skrifi undir eyðublað varðandi þagnarskyldu

Það sem fram þarf að koma í greinargerð:

- Nöfn, aldur og fjölskylduaðstæður umsækjenda
- Yfirlit yfir starfsferil, menntun og reynslu af starfi með börnum
- Áherslur í uppeldismálum og afstaða til líkamlegra refsinga
- Upplýsingar um heilsufar og áfengisneyslu
- Lýsing á heimilisaðstæðum

Mikilvægt er að kynna sér einnig handbók og verklagsreglur Barnaverndarstofu!

Breytingar á reglunum samþykktar á fundi félagsmálanefndar 10. maí 2017